

# Útboð

lax- og silungsveiði í Sandá í Þjórsárdal

Veiðifélag Hvammsár og Sandár í Þjórsárdal óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði í Sandá í Þjórsárdal fyrir árin 2017 til 2020, að öllum árum meðtöldum, samkvæmt meðfylgjandi útboðsskilmálum og fyrirbyggjandi upplýsingum.

Útboðsgögn eru hjá umsjónarmanni útboðsins Trausta Jóhannssyni s. 8658770 - [trausti@skogur.is](mailto:trausti@skogur.is).

Frestur til að skila tilboði rennur út 26. júní 2017 kl 16:00.

Veiðifélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

**Veiðifélag Hvammsár og Sandár 19. júní 2017**

## ÚTBOÐSLÝSING OG SKILMÁLAR.

**Veiðifélag Hvammsár og Sandár í Þjórsárdal er félag veiðiréttareigenda að Sandá, Hvammsá og upptakakvíslum Sandár í Þjórsárdal. Að félaginu standa landeigendur á Ásólfstöðum I og II, Afréttarfélag Flóa og Skeiða og Skógræktin. Óskar félagið eftir tilboðum í leigu á veiðirétti í Sandá ofan ármóta Hvammsár og Sandár fyrir veiðitímabil áráanna 2017-2020 með almennu útboði. Í ljósi þess hversu seint er auglýst er fresturinn mjög stuttur.**

Umsjónaraðili útboðsins er Trausti Jóhannsson skógarvörður hjá Skógræktinni. Austurvegi 3-5, 800 Selfoss netfang: [trausti@skogur.is](mailto:trausti@skogur.is) sími 8658770.

Útboðsgögn, sem fást afhent hjá umsjónaraðila, eru þessi:

Útboðslýsing þessi ásamt fylgiskjölum

Tilboðsblað

Hlekkir á fiskirannsóknir Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar.

Yfirlitskort af veiðisvæði í Sandá.

Útboð þetta tekur til veiðisvæðis í Sandá ofan við ármót Sandár og Hvammsár. Um er að ræða leigu á rétti til veiða á stöng á svæðum sem merkt eru inn á meðfylgjandi uppdrætti.

**Nánari lýsing og skilmálar útboðsins eru þessir:**

### **1. Veiðiréttur.**

#### **Réttur til veiða.**

- a) Um er að ræða rétt til stangaveiða á ofangreindum svæðum á tímabilinu frá árinu 2017 til og með 2020 ár hvert.
- b) Hámarksfjöldi stanga á degi hverjum eru tvær stengur ofan við ármót Hvammsár og Sandár.
- c) Á ofangreindum veiðisvæðum er einungis heimilt að veiða með stöng. Veiðitímabilið er frá 1. júlí til 30. september og daglegur veiðitími frá 7:00-13:00 og 15:00-22:00.
- d) Öllum fiski sem veiðist í ánni skal sleppt og þar er aðeins leyfð fluguveiði.

### **2. Veiðivegir og merking veiðistaða.**

Jeppafærir malar- og vikurslóðar eru með hluta árbakkanna. Akstur utan slóða er óheimill.

### **3. Veiðisvæðaskipting og veiðivarsla.**

Leigusali ræður skiptingu árinna/ánna í veiðisvæði. Leigutaki skal kosta eftirlit og merkingar á veiðisvæðinu með þeim hætti sem kveðið er á um í útboði. Leigusali skal hafa heimild veiðieftirlits á hinu leigða svæði á sinn kostnað.

#### **4. Tilboðsfjárhæð, greiðsluskilmálar og tryggingar.**

Tilboðsfjárhæð – leigugreiðslan skal miðuð við leigu í eitt ár í senn, í fyrsta sinn fyrir árið 2017. Tilboðsfjárhæðin skal vera í íslenskum krónum.

Allir þættir tilboðsins skulu vera í fjárhæðum ss. leiga, boð um framkvæmdir á veiðisvæði, viðhald eigna, fiskirækt og annað. Yfirlýsingar um þátttöku í kostnaði er ekki heimilt að meta til fjárhæða eftir að tilboð hafa verið opnuð.

Tilboð til fleiri ára skulu innihalda verðtryggingu sem leigusali ákveður í útboðsgögnum.

Tilgreina skal þær tryggingar sem leigutaki hyggst veita og skulu þær vera í samræmi við kröfur í útboðsgögnum. Trygging skal vera með þeim hætti að hægt sé að krefjast greiðslu samkvæmt efni hennar ef vanskil leigutaka hafa varað lengur en 30 daga frá gjalddaga.

#### **5. Gjalddagar leigugreiðslna.**

Leiga skal greidd í síðasta lagi 1. október árið 2017 og 1. júlí árin 2018, 2019, 2020, nema um annað sé samið.

#### **6. Fiskrækt og merkingar.**

Fiskirækt verður ákveðin í samvinnu við starfsmenn Hafrannsóknarstofnunar og ekki má sleppa seiðum nema samkvæmt ráðgjöf og leyfi Hafrannsóknarstofnunar.

Ef tilboðsgjafi hyggst stunda fiskrækt á svæðinu skal slíkt tilgreint í tilboði (í kr.) og ávallt vera háð samþykki og skilmálum leigusala.

#### **7. Þjónusta við veiðimenn.**

Leigutakar annast á eigin ábyrgð þjónustu við veiðimenn um fæði og aðra þjónustu.

#### **8. Annað sem við á.**

Leigutakar leggja áherslu á að almenningur hafi möguleika á að kaupa veiðileyfi í ánni t.d. í gegn um veiðivefi.

#### **9. Framsetning tilboða**

Tilboð skulu gerð á meðfylgjandi tilboðsblaði eða á sambærilegan hátt og skilað í lokuðu umslagi til umsjónaraðila, merkt:

Umsjónaraðili útboðs.

Útboð – v/Sandár í Þjórsárdal árin 2017-2020

Trausti Jóhannsson

Austurvegi 3-5, 800 Selfoss

Einnig má senda tilboð í pdf viðhengi á netfangið [trausti@skogur.is](mailto:trausti@skogur.is)

Umsjónarmaður tilboðs skal ekki hafa persónulega hagsmuni í viðskiptum við einn bjóðanda öðrum fremur.

## **11. Skilafrestur og opnun tilboða**

Tilboðum skal skilað til umsjónaraðila útboðs (sbr. fremst á blaði), eigi síðar en kl.16:00, 26. júní 2017.

## **12. Gildistími tilboða**

Bjóðendur skulu bundnir við tilboð sitt í allt að 1 mánuð eftir opnun þeirra.

## **13. Leigusamningur**

Gerður verður skriflegur leigusamningur við leigutaka til áráanna 2017-2020 sem auk þeirra atriða sem ofan greinir skal vera í samræmi við gildandi lög um lax og silungsveiði.

Áskilinn er allur réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

## **14. Upplýsingar**

Nánari upplýsinga og/eða frekari skýringa má leita hjá Trausta Jóhannssyni sími 8658770 eða [trausti@skogur.is](mailto:trausti@skogur.is).

# TILBOÐSBLAÐ

Sandá í Þjórsárdal 2017-2020

Nafn bjóðanda: \_\_\_\_\_, kt. \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_, Póstfang \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_. Fax: \_\_\_\_\_, Netfang: \_\_\_\_\_

Leiga á rétti til veiða í Sand á Vf. \_\_\_\_\_ár,  
Fjárhæð árið 2017, kr. \_\_\_\_\_  
Fjárhæð árið 2018, kr. \_\_\_\_\_  
Fjárhæð árið 2019, kr. \_\_\_\_\_  
Fjárhæð árið 2020, kr. \_\_\_\_\_

Samtals leigufjárhæð á leigutímanum, kr. \_\_\_\_\_

Verðtrygging leigufjárhæðar, dagsetningar, o.fl. \_\_\_\_\_

Annað ef við á samkvæmt útboðsskilmálum,  
s.s.framkvæmdir, fiskrækt o.fl. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

Tryggingar: Hverjar. \_\_\_\_\_

Staður og dagsetning: \_\_\_\_\_


Undirskrift: \_\_\_\_\_

## Upplýsingar um fiskistofna í Sandá ofl ám ofan Búða í Þjórsá

[http://veidimal.is/files/Skra\\_0076241.pdf](http://veidimal.is/files/Skra_0076241.pdf)

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem sýna útlínur veiðisvæðanna.

### Veiðisvæði Sandár í Þjórsárdal og upptakakvísla



Loftmynd frá 2013-2015 @ Loftmyndir ehf